



# Gæðastýring í hrossarækt

Ýmsar upplýsingar  
RML –hrossaræktin 6. desember 2013

# Gæðastýring í hrossarækt -tímaplan

## Tímaplan fyrir hrossaræktanda sem hyggst hefja þátttöku í gæðastýringu.

*Miðað er við að hrossaræktandi sé búinn að láta grunnskrá öll sín hross í skýrsluhaldið og öll hross séu örmerkt.*

- 31.12.** Öllum skýrsluhalds upplýsingum hefur verið skilað á internetinu eða á pappír til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.
- 01.03.** Öll ásett folöld hafa verið örmerkt og tekið úr þeim DNA-sýni. Skýrslum þar að lútandi skilað.
- 15.04.** Niðurstaða vorsköðunar forðagæslu er góð hvað varðar fóðrun og umhirðu.
- 01.07.** Haft hefur verið samband við Landgræðsluna og beðið um úttekt á landnýtingu
- 15.08.** Úttekt á landnýtingu hefst og stendur yfir fram á vetur eftir árferði. Venjulega lokið fyrir 15.11.
- 15.03** Viðurkenningar BÍ um gæðastýringu í hrossarækt veittar

# Gæðastýring í hrossarækt – stutt yfirlit

Gæðastýring í hrossarækt miðar að því að **votta framleiðslu búanna sem vistvæna gæðaframleiðslu** og tekur á þáttum sem lúta að áreiðanleika ætternis og uppruna hrossanna, velferð þeirra og verndun landgæða. Fyrsta stig vottunarinnar lýtur að ætt og uppruna og byggist á skýrsluhaldi, örmerkingu og DNA – greiningu, annað stig er vottun á landnýtingu og lokastigið er góð fóðrun og umhirða.

## ***1. Gæða-Skýrsluhald***

Tilgangurinn með skýrsluhaldi í hrossarækt er fyrst og fremst að aðstoða hrossaræktendur við að halda á tryggan hátt utan um allar mikilvægar upplýsingar um einstök hross í þeirra eigu og mynda á þann hátt gagnagrunn sem unnt er að vinna úr frekari upplýsingar sem síðan nýtast hverjum og einum við ræktunarstarfið. Vel unnið skýrsluhald verður stöðugt mikilvægara þar sem kröfur um sönnun á réttmæti upplýsinga verða sífellt hávæðari meðal kaupenda íslenska hestsins. Gæðavottun á skýrsluhaldið er til að koma til móts við þessar kröfur en auðvitað einnig þeim sem hrossarækt stunda til hagsbóta. Þetta stig tengist sterklega WorldFengs verkefninu sem gengur út á að koma á miðlægum gagnagrunni um öll íslensk hross í heiminum. Grunnþættir eru skýrsluhald, örmerking og DNA – greining allra folalda.

## ***2. Gæða-Landnýting***

Annar af þremur hlutum vottunar um vistvæna gæðaframleiðslu lýtur að notkun lands með tilliti til beitar. Þar er leiðarljósið að nýta landið en níða ei og vottunin gengur út á að beitin rýri ekki landgæði né hamli eðlilegri framþróun. Þessi vottun er unnin undir faglegru umsjón Landgræðslu ríkisins.

## ***3. Gæða-Umhirða***

Þessi hluti vottunarinnar um vistvæna gæðaframleiðslu tekur til, fóðrunar, umhirðu og almenns heilbrigðis hrossanna. Eftirlitsaðili er opinbert búfjárefirlit.

# Gæðastýring í hrossarækt – skýrsluhald

## Eftirlit með öryggi upplýsinga um ætt og uppruna

Gæðaskýrsluhald felst í ákveðnu ferli þar sem ferns konar skýrslur koma við sögu, skýrslunar eru fylltar út og sendar inn annaðhvort á internetinu beint í WorldFeng eða á pappír til viðkomandi skrifstofu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

### **1) STÓÐHESTASKÝRSLUR/FYLJUNARVOTTORÐ**

*(sendist inn til skráningar fyrir 31.12 árið sem hryssan fékk)*

Umsjónarmanni stóðhests er falið að fylla út þessa skýrslu en þar koma fram allar þær hryssur sem hjá hestinum voru það tímabil sem um ræðir og upplýsingar um ef hryssurnar voru sónaðar og niðurstaða þeirrar skoðunar. Hryssueigandi getur einnig farið þá leið til að tryggja sig að fylla sjálfur út fyrir sínar hryssur á sérstök fyljunarvottorð og fá síðan staðfestingu umsjónarmanns stóðhests.

### **2) FOLALDASKÝRSLA**

*(sendist inn til skráningar fyrir 31.12 árið sem folaldið fæðist)*

Annað stig er útfylling á s.k. folaldaskýrslu. Hér er um að ræða hálfútfyllta skýrslu sem inniheldur lista yfir allar hryssur búsins. Þessi skýrsla er útfyllt að hluta til, þ.e. fram kemur númer, nafn og litur hryssu og númer og nafn stóðhests sem hryssan var leidd til (sbr. fangvottorð síðasta árs). Hér þarf að fylla inn hvort hryssa hefur kastað, hvors kyns folaldið er, litur þess og einstaklingsnúmer þess auk afdrifa sé það ekki sett á til lífs. Hafi stóðhestaskýrslu eða fangvottorði með sónaraskoðun verið skilað er skráning möguleg beint í heimarétt eiganda.

### **3) SKÝRSLA UM EINSTAKLINGSMERKINGU**

*(sendist inn til skráningar fyrir 1. mars árið eftir að folaldið fæðist)*

Þriðja stigið er einstaklingsmerking folaldsins (örmerking) og útfylling á vottorði um einstaklingsmerkingu. Þegar um er að ræða folald í gæðavottuðu skýrsluhaldi þarf einungis að skrá fæðingarnúmer, nafn og uppruna auk örmerkis á vottorðið. Folöldin skal merkja við móðurhlið.

### **4) SKÝRSLA UM DNA - SÝNATÖKU**

Loka stigið er að öll folöld innan gæðastýringar skulu vera DNA – greind með tilliti til ætternis og hafa sannað ætterni bæði fyrir föður og móður.

# Gæðastýring í hrossarækt

## Landnýting og vottun beitolands

### Tilgangur

- Að tryggja sjálfbæra nýtingu beitolands.
- Að tryggja velferð hrossa.
- Þáttur í gæðastjórnun í hrossarækt.

### Vottunaraðferð

Vottunin gildir eingöngu fyrir land sem nýtt er til hrossabeitar. Beitoland og landnýting skal metin eftir ástandsskala Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Rala) og Landgræðslu ríkisins, sem skýrður er í ritinu *Hrossahagar. Aðferð til að meta ástand lands* (Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, maí 1997). Við mat á jaðvegsrofi er einnig notað ritið *Að lesa landið* (Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997). Vottun lands miðast við ástand þess þegar vottun fer fram.

### Vottunaraðilar

Landgræðsla ríkisins ræður starfshóp sem sér um vottunina. Sérfræðingar Landgræðslunnar og Rala í beitarmálum sjá um starfsþjálfun vottunarhópsins og skulu jafnframt setja hópnum nánari vinnureglur. Vottorð skal gilda eitt ár í senn frá útgáfudegi.

### Vottunareiningar

1. Ræktað land.
2. Úthagi.
3. Geymsluhólf fyrir brúkunarhross.
4. Afréttir.

### Vottun

- Umsókn bónda um vottun, ásamt korti eða loftmynd af því landi er votta skal. Fram komi stærðir einstakra beitarhólfa.
- Ekkert beitoland sem fer í ástandsflokk 5 skal nýtt til beitar.
- Úthaga, sem fer í flokk 4, skal ekki nýta til beitar nema með miklum takmörkunum og/eða markvissum landbótaaðgerðum.
- Úthagi, sem fer í flokk 3, er nýtanlegur til beitar með takmörkunum.
- Geymsluhólf skulu staðsett á sléttlendi sem auðvelt er að bera á og bæta skemmdir. Þau skulu ekki staðsett í halla eða á rofsæknu landi.
- Afréttir sem viðkomandi nýtir til beitar skulu hæfir til hrossabeitar að mati Landgræðslu ríkisins og Rala.

### Kostnaður

Kostnaður vegna vottunar greiðist af vottunarþega. Landgræðslan ákveður gjaldskrá fyrir vottunina.

# Vinnureglur og skýringar

## Vottunaraðferð og vottunaraðilar

- Vottun fer fram á tímabilinu 15. ágúst til áramóta ár hvert, háð tíðarfari.
- Vottun gildir fyrir yfirstandandi ár.
- Fara skal um allt beutiland sem votta á og ástand þess metið. Ástandseinkunn skal gefin hverju beitarhólfi, lakast 5 og best 0. Sérstaklega þarf að gaumgæfa ástand landsins við frumvottun og ef vafi getur leikið á um ástandsflokkun. Í matsniðurstöðum skal gera grein fyrir einstökum beitarhólfum, þó að lágmarki 1 ha. nema um geymsluhólf sé að ræða.
- Miðað skal við ástand lands eins og það er þegar matið fer fram.
- Vottunarþegi á rétt á að vera viðstaddur landmatið og fá allar skýringar er það varðar.
- Vottunarþegi sem ekki fær vottun á land sitt vegna ástands þess, á rétt á að fá land sitt vottað næsta ár.
- Vottunaraðilar skrá hjá sér upplýsingar er varða vottunina og ástand landsins á sérstök eyðublöð. Skulu vottunarþegi, Landgræðslan, viðkomandi búnaðarsamband og Bændasamtökin fá samhljóða eintök af niðurstöðu vottunar.
- Landgræðslan ræður starfshóp, sem sér um vottunina. Menntunarkröfur eru: a) BSc próf í búvísindum eða sambærileg menntun. b) Nemar sem lokið hafa tveggja ára námi á háskólastigi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri geta unnið að vottun með þeim starfsmönnum, er lokið hafa námi skv. lið a.
- Sérfræðingar Rala og Landgræðslunnar í landlæsi og beitarmálum sjá um starfsþjálfun starfshópsins.
- Frumvottun skal ætíð unnin af tveimur aðilum úr áðurnefndum starfshóp. Sú meginregla skal gilda, komi upp álitamál við vottun að landið skal njóta vafans.

## Viðmiðanir

Ástandseinkunn í beitarhólfi verður aldrei betri en einkunn fyrir rofdíla nema land sé í uppgræðslu. Aðrir þættir í ástandsmati geta lækkað einkunnina.

Land sem er að hluta til í mjög slæmu ástandi eða óbeitarhæft fyrir hross að mati vottunaraðila vegna jarðvegsrofs og/eða brattlendis getur fengið vottun sé þetta land friðað fyrir hrossabeit eða að nýting þess hamlar ekki eðlilegri gróðurframvindu og bata landsins að mati vottunaraðila enda fari þar jafnframt fram landbótaáðgerðir. Lítt grónir melar eiga ekki að draga úr möguleikum á að land hljóti vottun, enda séu önnur atriði í lagi og ekki virkt jarðvegsrof í gangi á melum eða í jöðrum þeirra.

## Vottunareiningar

Ræktað land. Tún sem nýtt eru til beitar. Geta einnig verið nýtt til slægna. Óþarfi er að votta tún sem eingöngu eru notuð til slægna. Vottunarþegi fær ekki vottun ef:

- a) meira en 3 ha. fara í fl. 3.
- b) 1 ha. eða meira fer í fl. 4.

Úthagi. Átt er við óræktað land, áborið eða óáborið, girt eða ógirt. Vottunarþegi fær ekki vottun ef:

- a) 20% eða meira af landinu fer í fl. 3.
- b) 5% eða meira af landinu fer í fl. 4, þó aldrei meira en eitt beitarhólf.
- c) Brattlendi fær ekki vottun fari það í flokk 3.

Sérstök álagssvæði í úthaga s.s. gjafarsvæði eða umferðarsvæði þurfa ekki að hafa áhrif á ástandseinkunn beitarhólfs enda sé það mat vottunaraðila að umfang svæðis sé innan eðlilegra marka. Þau skulu þó aldrei vera meira en 5% af heildarstærð vottunareiningar.

Geymsluhólf. Hér er átt við afmörkuð hólf sem eingöngu eru notuð fyrir brúkunarhross. Þau geta verið á ræktuðu landi eða úthaga en skulu metin sem sérstök vottunareining. Þau geta verið allt að 3 ha. að stærð. Þau geta ekki hlotið lakari einkunn fyrir rofdíla en 3 þó heildareinkunn sé lakari. Geymsluhólf mega ekki vera staðsett í halla, brattlendi eða rofsæknu landi.

Afréttir. Landgræðsla ríkisins heldur skrá yfir afréttir, sem vottunarhæfar teljast að mati sérfræðinga hennar og Rala. Árlega skal ástand þeirra metið af vottunaraðilum. Umráðamenn afréttanna þurfa að hausti að leggja fram tölur yfir þann fjölda hrossa er gekk á viðkomandi afrétt yfir sumarið, lengd beitarartíma og einnig að leggja fram nýtingaráætlun fyrir næsta ár.

### **Vottunargögn og ferli vottunar.**

Vottunarþegi sendir Landgræðslu ríkisins skriflega umsókn um vottun á landi sínu fyrir 1. júlí ár hvert. Umsókninni skulu fylgja jarðarupplýsingar Nyttjaland. Séu þær ekki til staðar þarf að fylgja jarðarkort eða loftmynd af beitarlandi umsækjanda þar sem stærðir landsins komi fram eða séu mælanlegar. Loftmyndir þurfa að vera í mælikvarðanum 1:4000 – 1:8000. Landamerki og girðingar þurfa að vera merkt inn á loftmyndir, auk annara atriða er skipta máli vegna landnýtingar s.s. stærð einstakra beitarhólfa. Sé um leiguland að ræða þarf að fylgja vottfestur leigusamningur. Í umsókn þarf að koma fram fjöldi og aldurskipting hrossastofnsins. Nægjanlegt er að leggja myndgögnin fram við upphafsvottun en viðbótargögn þarf að leggja fram verði breytingar á vottunaraðstæðum. Gangi hross vottunarþega óhindruð í land annarra en vottunarþega, án þess að um formlega leigu sé að ræða, skal það land einnig vottað. Sömu kröfur um myndgögn eru gerðar vegna þess lands auk yfirlýsingar umráðamanns viðkomandi lands, þar sem fram komi að vottunarþegi hafi beitarleyfi í landið. Fáir vottunarþegi ekki vottun á land sitt vegna ástands þess skal næstu umsókn hans um vottun, fylgja staðfesting þess að hann hafi sótt námskeið í nýtingu hrossahaga og landlæsi hjá einhverjum eftirtalinna stofnana: Landgræðslu ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri eða Hólaskóla.

Þeim vottunarþegum, sem ekki fá vottun á land sitt, skal innan tveggja mánaða frá vottunardegi, send skrifleg greinargerð um þær úrbætur er þeir þurfa að gera til að hljóta vottun á landi sínu.

Hrossaræktandi, sem ekki hefur yfir landi að ráða en er með hross sín í hagagöngu í landi annarra, getur sótt um vottun á því landi, enda liggi fyrir sömu gögn og krafist er við aðra vottun. Að auki þarf að liggja fyrir skriflegur hagagöngusamningur og leyfi umráðamanns landsins fyrir vottun á landinu.

### **Kostnaður og gjaldskrá**

Landgræðslan sér um fjárreiður vottunarstarfsins. Vottunarþegar bera kostnað af vottuninni. Kostnað af vottun afrétta ber Landgræðsla ríkisins.

# Gæðastýring í hrossarækt - Umhirða

## Innra eftirlit með fódrun, aðbúnaði og heilbrigði.

### 1. Eftirfarandi þættir þurfa að vera í lagi á búum í gæðastýringu.

- Beitarstýring og flokkun (tiltekið hvaða hólf verði notað fyrir hvaða hóp á hverjum tíma ef eftir því er leitað).  
Hross skulu flokkuð eftir aldri, fódurþörf og holdafari. Taka skal mið af aðstæðum á hverjum stað, s.s. heildarfjölda hrossa og landrými þegar flokkunin er ákveðin. Markmiðið er að allir einstaklingar í stóðinu hafi nægan aðgang að fóðri og skjóli.
- Hross séu ormahreinsuð reglulega. Ormalyf samhliða beitarskiptum.  
Að hausti: ormalyf sem virkar vel á lirfustig orma. Einnig getur reynst nauðsynlegt að gefa ormalyf að vori til að verja landið smiti og hindra þar með alvarlegar ormasýkingar. Ung hross sem ganga í þröngum högum þurfa tíðari ormalyfjagjafir sem og folöld og hryssur sem koma úr stóðhestahólfum.  
Markviss beitarstjórnun og rúmhir hagar geta dregið úr þörf á ormalyfjum.
- Varnir gegn lús (fyrirbyggjandi aðgerðir eða meðhöndlun).
- Regluleg hófhirða (hófar klipptir tvisvar á ári eða eftir því sem þörf krefur, gott eftirlit).

### 2. Reglubundin skráning:

- Reglulegt mat á fódurástandi.  
Holdastig (tekið á síðu) gefin að hausti, (nóv/des) , þegar hrossin eru flokkuð og í apríl. Þess á milli verði byggt á sjónmati en tekið á hrossum ef ástæða er til að ætla að þau séu að leggja af.

### 3. Heilsukort.

- Nákvæm sjúkdómskráning er á hendi dýralækna. Dýralæknar skulu skrá sjúkdómseinkenni/sjúkdómsgreiningu, meðhöndlun, framhaldsmeðhöndlun o. fl. samkvæmt lögum.

### 4. Úttekt á gæðakerfi:

- Öll hross á útingangi skulu vera í góðum holdum (að lágmarki 3,5 í holdastigun að hausti og 3 að vori) og hárafar eðlilegt.
- Öll hross á húsi í a.m.k. reiðhestaholdum (3) nema þau séu skilgreind sem sjúklingar og séu í sérstakri meðferð.
- Hófar séu vel hirtir, án sprungna og áberandi fódurbreytinga
- Ormasýkingar og lús sé í lágmarki (sýnataka í vafatilfellum)
- Aðbúnaður í öllum beitarhólfum skal vera samkvæmt reglugerð um aðbúnað hrossa og miðaður við þann fjölda sem í þeim eru.
- Innréttingar og umhverfi hesthúsa skulu einnig uppfylla reglugerðina.
- Frjáls aðgangur að vatni og salti í beitarhólfum og á húsi.

**Úttektaraðili:** Megin úttekt fer fram samhliða forðagæslu að vori. Dýralæknir eða eftirlitsaðili heimsækir búið hvenær sem er ef ástæða þykir til.